

SAMRUNASKRÁ VEGNA SAMRUNA MAREL ICELAND EHF. OG VÖLKU EHF.

EFNISYFIRLIT

1	Stutt lýsing samruna.....	3
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	3
2.1	Heiti og póstfang samrunaaðila.....	3
2.2	Starfsemi samrunaaðila	3
2.3	Tengiliður	4
3	Upplýsingar um samrunann	5
3.1	Aðdragandi samrunans	5
3.2	Tilgangur samrunans.....	5
3.3	Eðli samrunans.....	5
3.4	Atvinnuvegir sem samruninn nær til.....	6
3.5	Kaupverð	6
3.6	Velta samrunaaðila	6
3.7	Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur	7
4	Eignarhald og yferráð.....	7
4.1	Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum	7
4.2	Fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila	8
4.3	Samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði.....	9
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur	9
6	Fylgiskjöl	9
7	Skilgreiningar á mörkuðum	10
7.1	Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir	10
7.1.1	Markaður fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir vinnslu á dýraafurðum	10
7.2	Viðkomandi landfræðilegir markaðir	11
7.3	Markaðir þar sem áhrifa gætir	12
7.4	Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir.....	13
7.5	Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki.....	13
8	Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa samrunans gætir.....	13

8.1	Áætluð heildarstærð markaðarins	13
8.2	Markaðshlutdeild samrunaaðila	13
8.3	Markaðshlutdeild keppinauta	13
8.4	Eðli framleiðslu og sölu á vörum og þjónustu	14
8.5	Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og erlendis	14
8.6	Sundurliðun á heildartekjum	14
8.7	Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppbygging samrunaaðila	14
9	Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	15
9.1	Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar	15
9.2	Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi	15
9.3	Heildarafkastageta síðastliðin þrjú ár	15
9.4	Tíu stærstu viðskiptavinir	15
9.5	Eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum	16
9.5.1	Þróun markaðarins	16
9.5.2	Viðskiptavinavild	16
9.5.3	Samþjöppun eða dreifing neytenda	16
9.5.4	Skipting viðskiptavina í flokka	16
9.5.5	Vægi samninga um einkadreifingu	17
9.5.6	Vægi eftirspurnar frá opinberum aðilum	17
9.6	Aðgengi nýrra keppinauta að hinum skilgreindu mörkuðum	17
9.7	Rannsóknir og þróun	18
9.8	Samstarfssamningar	18
9.9	Atvinnugreinasamtök	18
10	Áhrif á neytendur og milliliði	18
11	Yfirlýsing	20

1 STUTT LÝSING SAMRUNA

Samrunaskrá þessi varðar samruna félaganna Marel Iceland ehf., kt. 640707-0540, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ og Völku ehf., kt. 470803-2660, Vesturvör 29, 200 Kópavogur (hér eftir „**Valka**”). Marel Iceland ehf. er í 100% eigu Marel hf. Upplýsingar í samrunaskrá taka þar af leiðandi til Marel samstæðunnar (hér eftir „**Marel**”).

Marel þróar, framleiðir og selur tækjabúnað, hugbúnað og framleiðslukerfi til vinnslu á fiski, kjöti og alifuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Félagið er með starfsemi í um 30 löndum og selur tæki og vélar um allan heim.

Valka þróar, framleiðir og selur tækjabúnað, hugbúnað og framleiðslukerfi til vinnslu á fiski. Félagið er með yfir 100 starfsmenn og er einnig með starfsemi í Noregi.

Samruninn felst í því að Marel mun kaupa 91,6% útgefinna hluta í Völku, sbr. fskj. 1. Á þessu stigi er ekki gert ráð fyrir félagaréttarlegum samruna.

Í inngangi þessum vilja samrunaaðilar undirstrika eftirfarandi:

- Starfsemi samrunaaðila er tengd að því leyti að bæði félögin þróa, framleiða, selja og þjónusta vélar til vinnslu á fiski.
- Samrunaaðilar telja að rök bendi til þess að framangreindir vörumarkaðir séu alþjóðlegir, og telja að það séu í öllu falli rök með því að afmarka markaðina a.m.k. við landsvæðið Evrópu eða EES-svæðið.
- Samrunaaðilar telja að hin fyrirhuguðu viðskipti komi ekki til með að vekja upp álitafni frá sjónarhóli samkeppnisréttar þar sem samruninn mun hvorki skapa markaðsráðandi stöðu hins sameinaða félags né styrkja slíka stöðu.

Með vísan til framangreinds og þess sem nánar verður rakið hér á eftir er það mat samrunaaðila að engin rök mæli með því að lagaskilyrði séu fyrir íhlutun í samrunann.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAÐILA

2.1 Heiti og pósthfang samrunaaðila

Aðilar samrunans eru:

- Marel Iceland ehf., kt. 640707-0540, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ (hér eftir „**Marel**”).
- Valka ehf., kt. 470803-2660, Vesturvör 29, 200 Kópavogur (hér eftir „**Valka**”).

Sameiginlega verður vísað til ofangreindra félaga þannig: „**félögin**” eða „**samrunaaðilar**”.

2.2 Starfsemi samrunaaðila

Starfsemi Marel

Marel er íslenskt hlutafélag sem þróar, framleiðir og selur tækjabúnað, hugbúnað og framleiðslukerfi til vinnslu á fiski, kjöti og alifuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu og sölu á hvers kyns varahlutum tengdum starfseminni. Félagið er með yfir 6.000 starfsmenn og starfsemi í um 30 löndum í 6 heimsálfum. Starfsemi Marel er gjarnan sundurgreind í þrjá kjarnamarkaði sem Marel þróar og framleiðir tækjabúnað fyrir, sem skiptast eftir eðli dýraafurðarinnar sem um ræðir.

- Starfsemi Marel sem nefnd er „Marel alifuglakjöt“ (e. *Marel Poultry*) felur í sér þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði, kerfum og hugbúnaði til vinnslu á alifuglakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Félagið býður þannig upp á lausnir í iðnaði fyrir vinnslu á kjúklinga-, anda- og kalkúnakjöti, þ.m.t. tæki, kerfi, hugbúnað og þjónustu fyrir frumvinnslu (e. *primary processing*) og fullvinnslu (e. *further processing*).
- Starfsemi Marel sem nefnd er „Marel kjöt“ (e. *Marel Meat*) felur í sér þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði, kerfum og hugbúnaði til vinnslu á svína-, nauta-, kálfa- og kindakjöti, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Lausnir félagsins í vélum fyrir vinnslu á kjöti ná bæði til frumvinnslu og fullvinnslu.
- Starfsemi Marel sem nefnd er „Marel fiskur“ (e. *Marel Fish*) felur í sér þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði, kerfum og hugbúnaði til vinnslu á fiski, ásamt því að bjóða upp á tengda þjónustu. Félagið býður takmarkaðar lausnir fyrir frumvinnslu á fiski en er með fleiri lausnir fyrir fullvinnslu á fiski.

Þar að auki þróar og framleiðir Marel búnað fyrir markaði sem teljast ekki til ofangreindra þriggja kjarnamarkaða, s.s. á markaði fyrir grænmeti, mjólkurvörur, brauðmeti og dýrafóður, en starfsemi Marel á þessum mörkuðum er takmörkuð. Þess utan þróar og selur Marel vörur í mjög takmörkuðu mæli á öðrum mörkuðum s.s. vatnshreinsibúnað og klakavélar, en vegna afar takmarkaðs umfangs er ekki talin þörf á að fjalla frekar um þá starfsemi í samrunaskrá þessari.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, <https://marel.com/is>. Þar má að auki finna upplýsingar um vöruframboð Marel.¹

Starfsemi Völku

Valka er íslenskt einkahlutafélag sem þróar, framleiðir og selur fiskvinnsluvélar auk þess sem félagið sér um þjónustu sem tengist viðhaldi á vélunum og sölu á hvers kyns varahlutum tengdum starfseminni.

Frekari upplýsingar um starfsemi félagsins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins, <https://valka.is/>.

2.3 Tengiliður

Tengiliður kaupanda:

¹ Beinn hlekkur: https://marel.com/search/?industry_filter=Fish&type_filter=products

Tengiliður kaupanda gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður hjá LOGOS lögmannsþjónustu, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík. Frekari upplýsingar um tengilið eru eftirfarandi:

- Sími: 5 400 300
- Netfang: helga@logos.is

Tengiliður seljanda:

Tengiliður seljanda gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans er Jóna Björk Helgadóttir, lögmaður hjá Landslögum lögfræðistofu, Borgartúni 26, 105 Reykjavík.

- Sími: 520-2900
- Netfang: jonabjorg@landslog.is

Óskað er eftir því að farið verði með þær upplýsingar sem eru skáletraðar og innan hornklofa sem **trúnaðarmál**, sbr. 17. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 16. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, þar sem um er að ræða viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Það sama gildir um fylgiskjöl sem merkt eru trúnaðarmál.

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Aðdragandi samrunans

Marel hefur talið Völku vera áhugavert fjárfestingatækifæri í nokkurn tíma. Óformlegar viðræður á milli aðila hófust í apríl 2021 sem leiddu til undirritunar viljayfirlýsingar um miðjan maí 2021 þar sem Marel lýsti yfir vilja til að kaupa Völku. Í kjölfarið hófst áreiðanleikakönnun á Völku og vinna við gerð kaupsamnings. Kaupsamningur um kaup Marel á 91,6% hlut í Völku var undirritaður þann 1. júlí 2021, sbr. fskj. 1.

3.2 Tilgangur samrunans

[...]²

3.3 Eðli samrunans

[...]³

Að mati samrunaaðila fela kaupin í sér samruna í skilningi 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 („**samkeppnislög**”).

Samkvæmt kaupsamningi samrunaaðila, sbr. 4. gr. kaupsamningsins í fskj. 1, munu kaupin ekki ganga í gegn fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um samrunann.

Valka hefur þegið þróunarstyrki en ekki annars konar opinbera fjárhagsaðstoð en þess skal þó getið að hluti starfsmanna fór á hlutabótaleið stjórnvalda í tvo mánuði í upphafi Covid-faraldursins.

Marel hefur ekki þegið opinbera fjárhagsaðstoð.

² TRÚNAÐARMÁL.

³ TRÚNAÐARMÁL.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

Hinn fyrirhugaði samruni nær fyrst og fremst til hluta þeirra markaða sem samrunaaðilar starfa á, einkum markaða fyrir þróun, framleiðslu og sölu á búnaði til fiskvinnslu. Nánar verður fjallað um markaði málsins í 7. kafla hér á eftir.

3.5 Kaupverð

Kaupverð samkvæmt kaupsamningi er kr. [...]⁴, sbr. nánar fskj. 1.

3.6 Velta samrunaaðila

Á árunum 2019 og 2020 var heildarvelta samrunaaðila í íslenskum krónum sem hér segir:

	2019	2020
Marel Iceland ehf.	EUR 144.761.000 eða 19.823.571.340 kr. (meðalgengi ársreikningi 136,94) skv.	EUR 133.071 eða 22.343.860.350 kr. ⁵
Valka	3.220.339.000 kr. ⁶	2.633.874.000 kr.
Marel hf. ⁷	EUR 1.283.700.000 eða 176.200.662.000 kr. (meðalgengi 137,26)	EUR 1.237.800.000 eða 191.054.430.000 kr. (meðalgengi 154,35)

Á árunum 2019 og 2020 var innlend velta samrunaaðila sem hér segir:

	2019	2020
Marel hf. ⁸	[...]	...
Valka] ⁹

Á árunum 2019 og 2020 var erlend velta samrunaaðila sem hér segir:

	2019	2020
Marel hf. ¹⁰	[... ¹¹	... ¹⁴

⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁵ Ath. ársreikningur hefur ekki verið undirritaður. Miðað er við rekstrarreikning fyrir árið 2020. Gengi miðast við sama meðalgengi og notast er við í samstæðureikningi Marel fyrir árið 2020.

⁶ Ath. hér eru meðtaldar tekjur dótturfélags Völku, Valka AS.

⁷ Miðað er við samstæðureikning Marel, sbr. fskj. 7.

⁸ Miðað er við samstæðureikning Marel, sbr. fskj. 7.

⁹ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁰ Miðað er við samstæðureikning Marel, sbr. fskj. 7.

¹¹ Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka.

¹⁴ Evrópa, Mið-Austurlönd og Afríka.

	... ¹²	... ¹⁵
	... ¹³	... ¹⁶] ¹⁷

[Erlend velta Völku var sem hér segir:

...]¹⁸

3.7 Mögulegur ávinningur samrunans, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur

[...]¹⁹

4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ

4.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir samrunaaðilum

Marel hf. er skráð á hlutabréfamarkaði Nasdaq Iceland (Kauphöllin) og Euronext Amsterdam í Hollandi. Tíu stærstu hluthafar Marel samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2020 eru eftirfarandi:

¹² Ameríka.

¹³ Asía og Eyjaálfa.

¹⁵ Ameríka.

¹⁶ Asía og Eyjaálfa.

¹⁷ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁸ TRÚNAÐARMÁL.

¹⁹ TRÚNAÐARMÁL.

[

Ten largest shareholders at year end		2020			
		Number of shares (million)	Shareholding (%)		Total ¹
			In ISK	In EUR ¹	
ABN Amro on behalf of Euroclear ²	Custody account	286.0	37.1%	-	-
Eyrir Invest hf. ³	Investment company	113.3	14.7%	10.0%	24.7%
The Pension Fund of Commerce	Pension fund	56.2	7.3%	-	-
LSR A, B & S divisions	Pension fund	36.1	4.7%	-	-
Capital Group ⁴	Asset management	35.0	4.5%	-	5.0%
Gildi	Pension fund	34.7	4.5%	-	-
Birta lifeyrissjodur	Pension fund	19.7	2.6%	-	-
Frjalsi lifeyrissjodurinn	Pension fund	11.9	1.5%	-	-
Stapi lifeyrissjodur	Pension fund	11.0	1.4%	-	-
Festa - lifeyrissjodur	Pension fund	10.4	1.4%	-	-
	Top 10 total	614.3	79.7%		
	Others	142.9	18.5%		
Marel hf. ⁵	Treasury shares	13.8	1.8%	0.6%	2.4%
	Total issued shares	771.0	100.0%		

¹ Additional information according to public market announcements and announcement of the principal shareholder, Eyrir Invest hf. to Marel.

² Custody account in ISK representing all EUR shareholders.

³ Eyrir Invest hf. has 24.7% shareholding in Marel, thereof 10.0% in EUR that are included in the custody account of ABN Amro on behalf of Euroclear.

⁴ Capital Group sent a major shareholder notification on 29 March 2019, where the threshold crossed was above 5.0%. Marel does not have further information on the exact number of shares held by Capital Group included in the custody account of ABN Amro.

⁵ Of Marel's treasury shares, 13.8 million shares are in ISK and 5.0 million shares are in EUR and therefore included in the custody account of ABN Amro on behalf of Euroclear.

]20

[Valka ehf. er í eigu eftirfarandi aðila:

...]21

4.2 Fyrirtæki undir yferráðum samrunaaðila

Marel hf. er móðurfélag samstæðu sem samanstendur af fjölda dótturfélaga. Um yfirlit yfir öll félög sem eru undir yferráðum Marel vísast til fylgiskjals 12.

Valka ehf. fer með yferráð yfir eftirfarandi félögum:

Heiti félags	Land
[...]	...] ²²

Samrunaaðilar fara ekki með yferráð í fyrirtækjum sem stunda viðskipti á þeim markaði sem áhrifa gæti undir öðru nafni en nafni samrunaaðila, sbr. þó kafli 4.3.

²⁰ Listann ber að skoða með þeim fyrirvara að hann getur tekið breytingum með skömmum fyrirvara og að Marel getur ekki séð nákvæman eignarhluta hvers og eins hluthafa í evrum nema um tilkynningarskyld viðskipti sé að ræða.

²¹ TRÚNAÐARMÁL.

²² TRÚNAÐARMÁL.

4.3 Samstarf við fyrirtæki á sama eða tengdum markaði

[...]²³

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

Hvorki samrunaaðilar né önnur félög sem tilgreind eru hér að framan ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar eða útgefins hlutafjár annarra fyrirtækja en að framan greinir á þeim markaði þar sem áhrifa samrunans gætir.

Hvorki stjórnarmenn Marel, né dótturfélaga þess, eða Völku, og dótturfélaga þess, eiga sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir.

Stjórn Völku er skipuð með eftirfarandi hætti:

- Kristján Þ. Davíðsson Stjórnarformaður
- Sigurbjörn Þorkelsson Meðstjórnandi
- Hermann Kristjánsson Meðstjórnandi
- Kristín Friðgeirsdóttir Meðstjórnandi
- Björk Þórarinsdóttir Meðstjórnandi

Framkvæmdastjóri er Helgi Hjálmarsson.

Enginn af ofangreindum stjórnarmönnum situr í stjórn fyrirtækis á markaði fyrir búnað til fiskvinnslu/matvælavinnslu. Kristján Davíðsson situr í stjórn Brims hf., sem kaupir búnað af umræddum markaði.

[...]²⁴

Valka hefur ekki tekið yfir nein fyrirtæki á síðastliðnum þremur árum.

6 FYLGISKJÖL

Meðfylgjandi samrunaskrá þessari eru eftirfarandi fylgiskjöl sem öll teljast trúnaðarmál:

1. [...] **TRÚNAÐARMÁL**
2. Umboð.
3. Kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds.
4. Marel – ársreikningur 2019.
5. Marel – samstæðureikningur 2019.
6. Marel – ársreikningur 2020.
7. Marel – samstæðureikningur 2020.
8. Valka – ársreikningur 2019.
9. Valka – samstæðureikningur 2019.
10. Valka – ársreikningur 2020.
11. ... **TRÚNAÐARMÁL**
12. ... **TRÚNAÐARMÁL**
13. ... **TRÚNAÐARMÁL**

²³ TRÚNAÐARMÁL.

²⁴ TRÚNAÐARMÁL.

14. Marel Iceland ehf. – ársreikningur 2019.

15. Marel Iceland ehf. - rekstrarreikningur 2020²⁵.]²⁶

7 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

7.1 Viðkomandi vöru- og þjónustumarkaðir

Í VI. kafla viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum er hugtakið *vörumarkaður* skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgöngubjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.“

Hér á eftir verður fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á. Að því marki sem um tengsl markaða kann að vera að ræða, verður vikið að því í almennri umfjöllun um markaði sem félögin starfa á. Sérstaklega verður fjallað um þá markaði þar sem áhrifa samrunans gætir.

Samkeppniseftirlitið hefur ekki áður fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á. Verður því höfð hliðsjón af þeim markaðsskilgreiningum sem Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („**Framkvæmdastjórn ESB**“), dómstólar Evrópusambandsins og eftir atvikum samkeppnisyfirvöld aðildarríkja EES hafa lagt til grundvallar í framkvæmd sinni. Það athugast þó að í þeirri umfjöllun felst ekki afstaða samrunaaðila til réttmætis þeirra samrunaskilgreininga til framtíðar, enda kunna aðstæður að breytast sem kallar á breytta skilgreiningu.

7.1.1 Markaður fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir vinnslu á dýraafurðum

Sá yfirmarkaður þar sem starfsemi samrunaaðila skarast er markaðurinn fyrir þróun, framleiðslu og sölu á búnaði til vinnslu á dýraafurðum, auk tengdrar þjónustu og sölu varahluta. Samrunaaðilar telja að rétt sé í samrunaskrá þessari að velta upp sömu sjónarmiðum og lágu til grundvallar ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB frá 21. apríl 2008 í máli nr. M.5125, *Marel/SFS*, til frekari sundurgreiningar á þeim markaði sem starfsemi samrunaaðila skarast.²⁷ Þannig telja samrunaaðilar að skipta megi markaðinum frekar upp eftir yfirflokki þeirra dýraafurða sem um ræðir annars vegar og á hvaða stigi vinnslunnar búnaðurinn er notaður hins vegar.²⁸

(a) Markaður fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir fiskvinnslu

Marel framleiðir og selur eins og áður segir búnað fyrir fiskvinnslu, kjötvinnslu og vinnslu á alifuglakjöti. Valka er hins vegar einungis með búnað fyrir fiskvinnslu. Af því leiðir að

²⁵ Ath. ársreikningur fyrir árið 2020 liggur ekki fyrir. Hann er sem stendur í yfirferð hjá endurskoðanda og verður sendur Samkeppniseftirlitinu um leið og hann liggur fyrir.

²⁶ TRÚNAÐARMÁL.

²⁷ Sjá nánar um málið hér:

https://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/decisions/m5125_20080421_20310_en.pdf

²⁸ Þess ber þó að geta að Marel, ásamt öðrum keppinautum Marel, býður einnig upp á vörur sem fara þvert á iðnaði þar sem tæknin er svipuð eða sú sama og vörur geta nýst fyrir alla iðnaði (e. *cross-industry products*), s.s. snyrtilínur, skurðarvélar og vogir.

starfsemi samrunaaðila skarast eingöngu hvað varðar markað fyrir sölu á búnaði fyrir vinnslu á fiski.

Eins og að framan greinir er unnt að skipta markaðinum frekar upp eftir því hvaða stigi vinnslunnar búnaðurinn þjónar. Í ákvörðun þýska samkeppniseftirlitsins (þ. *Bundeskartellamt*) frá 13. mars 2006 í máli nr. B 4-240/05, *Meyn/Systemate*, var markaðinum nánar skipt eftir því hvort búnaður væri framleiddur fyrir frumvinnslu (e. *primary processing*) annars vegar og fullvinnslu hins vegar (e. *further processing*).²⁹ Málið varðaði alifuglakjötframleiðslu, en áþekk rök geta átt við í tengslum við framleiðslu á fiski. Svipuðum rökum var velt upp í ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB í máli nr. M.5125, *Marel/SFS* sem vísað er til hér að framan.³⁰

Eins og fram kemur í kafla 2.2 er verkþáttunum skipt upp í tvö stig vinnslu, þ.e. frumvinnslu (e. *primary processing*) og fullvinnslu (e. *further processing*)³¹. Hvað sem því líður mun það ekki skipta máli fyrir hið efnislega mat hvernig markaðinum verði skipt upp nákvæmlega enda þykir samrunaaðilum ljóst að markaðsráðandi staða mun hvorki skapast né styrkjast á þeim mörkuðum þar sem áhrifa samrunans mun gæta. Er því ekki þörf á að skipta markaðinum frekar í undirmarkaði.

Frumvinnsla (e. *primary processing*) er það ferli vinnslunnar sem samanstendur af mörgum verkþáttum allt frá því að fiskurinn er veiddur og þar til búið er að búa til afurð, s.s. flak, sem tilbúin er til fullvinnslu. Þeir verkþættir sem falla undir frumvinnslu eru t.d. heilfiskflokkun, hreinsun, blæðing, slæging, afhausun og flökun.³²

Fullvinnsla (e. *further processing*) er það ferli vinnslunnar sem samanstendur af verkþáttum sem taka við eftir að frumvinnslu lýkur, og inniheldur marga verkþætti sem eru mismunandi eftir því hver lokaafurðin er. Undir þetta stig framleiðslunnar falla verkþættir eins og snyrting flaka, roðfletting, úrbeinun, skömmun, bitaskurður, vigtun, flokkun, skoðun, húðun, formgerð, marinerung, steiking og bakstur.

Starfsemi samrunaaðila skarast þannig í þróun, framleiðslu og sölu á búnaði fyrir fisk, nánar tiltekið bæði vegna véla sem tilheyra frumvinnslu og vegna búnaðar sem tilheyrir fullvinnslu. Samrunaaðilar telja þó ekki þörf á frekari sundurgreiningu þar sem samruninn kemur ekki til með að vekja upp samkeppnisréttarleg álitafni hvernig sem markaðinum er skipt upp. Eins og að framan greinir var sambærilegum sjónarmiðum velt upp í ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB frá 21. apríl 2008 í máli nr. M.5125, *Marel/SFS*, sem fjallaði um framleiðslu á kjötvörum, en áþekk rök eiga einnig við um vinnslu á fiski.

7.2 Viðkomandi landfræðilegir markaðir

²⁹ Framkvæmdastjórn ESB vitnaði til umræddrar ákvörðunar í máli nr. M.5125, *Marel/SFS*.

³⁰ Vakinn er athygli Samkeppniseftirlitsins á því að undir meðferð málsins hjá Framkvæmdastjórn ESB töldu sumir samkeppnisáðilar Marel að rök kynnu að leiða til þess að skipta fullvinnslu kjötafurða frekar niður. Framkvæmdastjórn ESB taldi þó ekki ástæðu til að skilgreina markaðinn frekar með vísan til niðurstöðu á samkeppnismati samrunans, sbr. mgr. 18-23 í ákvörðuninni.

³¹ Þess má geta að innanhúss notar Marel alla jafna þrískiptingu þegar fjallað er um einstaka verkþætti í vinnslu afurða, þ.e. frumvinnslu, frekari vinnslu og fullvinnslu. Samrunaaðilar telja nærtækara að horfa til tvískiptingar við skilgreiningu markaða, þ.e. frumvinnslu og fullvinnslu.

³² Ath. að ekki er um tæmandi talningu á verkþáttum að ræða.

Í VI. kafla viðauka I við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum er hugtakið *landfræðilegur markaður* skilgreint með eftirfarandi hætti:

„Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.“

Meðal þeirra þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði er eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

Samrunaaðilar telja að markaðurinn fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir fiskvinnslu, þ.m.t. frumvinnslu og fullvinnslu, sé alþjóðlegur, eða að minnsta kosti Evrópa (þ.m.t. EES-svæðið og önnur ríki sem vegna landfræðilegrar legu teljast til Evrópu, s.s. Úkraína, Rússland og Tyrkland). Samrunaaðilar og keppinautar þeirra selja vörur út um allan heim og keppast m.a. um athygli framleiðenda á stórum alþjóðlegum sölusýningum. Vélar eru bæði fluttar út frá Íslandi og eins eru vélar fluttar inn, sem staðfestir að skilgreina ber markaðinn stærri en Ísland.

Þrátt fyrir að sala á búnaði krefjist viðhalds gerir það ekki að verkum að aðilar þurfi að hafa starfsstöðvar í hverju landi. Þannig er Marel með starfsstöðvar í um 30 löndum en þjónustar viðskiptavini sína um allan heim. Þar að auki kann slíkt viðhald að vera framkvæmt af þjónustuaðilum innan þeirra ríkja sem vörur eru seldar til á grundvelli þjónustusamninga.

Í framangreindri ákvörðun þýska samkeppniseftirlitsins nr. B 4-240/05, *Meyn/Systemate*, taldi eftirlitið að markaðurinn fyrir búnað notaðan í frumvinnslu alifuglajakjöts væri bundinn við EES þar sem flutningskostnaður væri lágur og markaðshlutdeild helsta framleiðanda var ekki mismunandi á milli ríkja. Samt sem áður greindi þýska samkeppniseftirlitið einnig markaðshlutdeild samrunaaðila á grundvelli alþjóðlegs markaðar, sem bendir til þess að eftirlitið hafi talið þá markaðsskilgreiningu einnig viðeigandi þrátt fyrir að í þessu sérstaka dæmi hafi þeir talið að meta ætti markaðinn á grundvelli EES-svæðisins. Þá hefur Framkvæmdastjórn ESB staðfest það að markaðurinn sé að minnsta kosti bundinn við EES, eða að hann sé jafnvel stærri.³³

Hvort markaðurinn sé álitinn alþjóðlegur eða takmarkaður við Evrópu skiptir þó ekki höfuðmáli fyrir mat á samkeppnislegum áhrifum hins fyrirhugaða samruna þar sem samruninn mun hvorki skapa né styrkja markaðsráðandi stöðu óháð því hvorri landfræðilegu markaðsskilgreiningu er beitt.

7.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir

Með vísan til alls framangreinds telja samrunaaðilar að áhrifa samrunans muni fyrst og fremst gæta á markaði fyrir framleiðslu og sölu á búnaði fyrir frumvinnslu og fullvinnslu á fiski, auk tengdrar þjónustu og sölu á varahlutum.

³³ Sjá ákvörðun Framkvæmdastjórnar ESB frá 21. apríl 2008 í máli nr. M.5125, Marel / SFS, mgr. 24-26.

7.4 Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir

Að mati samrunaaðila eru þeir markaðir þar sem áhrifa gætir tæmandi taldir í kafla 7.3 að ofan en skyldir markaðir hafa verið nefndir í kafla 7.1.

7.5 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

Samrunaaðilar telja að áhrifa muni ekki gæta á markaði fyrir framleiðslu og sölu á búnaði til vinnslu á kjöti og alifuglakjöti, ásamt öðrum mörkuðum þar sem Marel er með takmarkaða starfsemi, sbr. umfjöllun í kafla 2.2 að framan.

8 UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA SAMRUNANS GÆTIR

8.1 Áætluð heildarstærð markaðarins

Samrunaaðilar áætla að heildarstærð markaðarins, sé miðað við að hann sé alþjóðlegur (allur heimurinn) sé a.m.k. [...] ³⁴. Yrði talið að markaðurinn teljist Evrópa, áætla samrunaaðilar að heildarstærð markaðarins sé a.m.k. [...] ³⁵.

Þrátt fyrir að samrunaaðilar telji landfræðilega markaðinn ekki bundinn við Ísland, þá upplýsa samrunaaðilar um að sala á íslensku yfirráðasvæði sé áætluð um [...] ³⁶

Samkvæmt FAO er árlegur meðalvöxtur á heimsframleiðslu fisks áætlaður um 1,1% og að markaðurinn nái 194 milljónum tonna árið 2026 samanborið við 176 milljónir tonna árið 2017. Marel telur að vöxtur á þessum markaði verði áfram drifinn af vaxandi fiskeldi og aukinni áherslu á sjálfvirknivæðingu í fiskframleiðslu á heimsvísu, þar sem verksmiðjur þurfa að mæta kröfum um lækkun á kostnaði og bæta fyrir minnkandi vinnuafli. Samrunaaðilar telja að markaðurinn fyrir fiskvinnslulausnir vaxi hraðar heldur en undirliggjandi markaður fyrir fiskafurðir þar sem handvirk vinnsla er að víkja fyrir vélvæddri. Auk þess áætla Marel að breyttar áherslur í mataræði muni leiða til aukinnar eftirspurnar eftir sjávarfangi. Meðal annars með vísan til þessa telur Marel ljóst að markaðurinn muni vaxa töluvert á næstu árum.

8.2 Markaðshlutdeild samrunaaðila

Með hliðsjón af áætlun samrunaaðila um heildarstærð markaðarins, áætla samrunaaðilar að markaðshlutdeild þeirra sé sem hér segir, með þeim fyrirvara að Ísland er ekki talið sérstakur landfræðilegur markaður sbr. það sem að ofan segir:

[...] ³⁷

8.3 Markaðshlutdeild keppinauta

Keppinautar samrunaaðila á markaði eru fyrirtæki víðs vegar um heim. Félögin hafa eins og gefur að skilja ekki nákvæmar upplýsingar um tekjur eða söluverðmæti keppinauta sinna á þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Í opinberri upplýsingagjöf brjóta keppinautar félaganna sjaldnast niður tekjur sínar með þeim hætti að unnt sé að áætla

³⁴ TRÚNAÐARMÁL. Heildarstærð heimsmarkaðar er áætlum út frá Capital markets day kynningu Marel sem gefin var út opinberlega árið 2019.

³⁵ TRÚNAÐARMÁL. Gert er ráð fyrir að Evrópskur markaður sé um 35% af heimsmarkaði.

³⁶ TRÚNAÐARMÁL.

³⁷ TRÚNAÐARMÁL.

tekjur þeirra af sölu á búnaði sem ætlaður er til fiskvinnslu á þeim mörkuðum sem félögin keppa á.

Ljóst er þó að keppinautar eru fjölmargir og má nefna sem dæmi [...] ^{38 39}

[...] ⁴⁰

Markaðshlutdeild á þeim markaði sem áhrifa gætir getur þó breyst með skömmum fyrirvara. Þannig geta núverandi eða framtíðar keppinautar þróað vörur og/eða tækni sína og búið til staðgönguvörur sem eru verðlagðar á hagstæðari hátt fyrir framleiðendur, eru betri eða meira aðlaðandi vegna annarra þátta. Ef ný eða betri vara stendur til boða á hagstæðari verði, eða ef slíkar vörur eru meira aðlaðandi en vörur samrunaaðila, gæti eftirspurn eftir vörum samrunaaðila fallið hratt og markaðshlutdeildin þar með.

8.4 Eðli framleiðslu og sölu á vörum og þjónustu

Marel:

[...] ⁴¹

Valka:

[...] ⁴²

8.5 Samanburður á verði sem aðilar samrunans bjóða á Íslandi og erlendis

Samrunaaðilar verðleggja vörur sínar með sambærilegum hætti hvort sem þær eru seldar hérlendis eða erlendis, án tillits til flutningskostnaðar.

[...] ⁴³

8.6 Sundurliðun á heildartekjum

Sundurliðun á heildartekjum samrunaaðila kemur að einhverju leyti fram í ársreikningum sem meðfylgjandi eru samrunaskrá þessari (fylgiskjöl 4-10).

Heildartekjur Marel árið 2020 voru EUR 1.238 milljónir sem skiptast með eftirfarandi hætti niður á kjarnamarkaði Marel:

[...] ⁴⁴

[...] ⁴⁵

8.7 Helstu kostnaðarliðir og kostnaðaruppbygging samrunaaðila

³⁸ TRÚNAÐARMÁL

³⁹ Ath. ekki er um tæmandi talningu að ræða þar sem ótal smærri keppinautar starfa einnig á markaðinum.

⁴⁰ TRÚNAÐARMÁL.

⁴¹ TRÚNAÐARMÁL.

⁴² TRÚNAÐARMÁL.

⁴³ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁵ TRÚNAÐARMÁL.

Helstu kostnaðarliðir samrunaaðila eru sem hér segir:

- Kostnaðarverð seldra vara.
- Laun starfsmanna.
- Sölu- og markaðssetningarkostnaður.
- Rannsóknar- og þróunarkostnaður.
- Almennur stjórnunartengdur kostnaður.

[...] ⁴⁶

9 ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

9.1 Fimm stærstu sjálfstæðu birgjar

Fimm stærstu birgjar Marel eru eftirfarandi:

[...] ⁴⁷

Fimm stærstu birgjar Völku eru eftirfarandi:

[...] ⁴⁸

9.2 Helstu dreifileiðir og þjónustukerfi

Marel:

[...] ⁴⁹

Valka:

[...] ⁵⁰

9.3 Heildarafkastageta síðastliðin þrjú ár

Marel:

[...] ⁵¹

Valka:

[...] ⁵²

9.4 Tíu stærstu viðskiptavinir

Tíu stærstu viðskiptavinir samrunaaðila í fiskvinnslu ef horft er til síðustu ára eru eftirfarandi:

[...] ⁵³

⁴⁶ TRÚNAÐARMÁL.

⁴⁷ TRÚNAÐARMÁL

⁴⁸ TRÚNAÐARMÁL

⁴⁹ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁰ TRÚNAÐARMÁL.

⁵¹ TRÚNAÐARMÁL.

⁵² TRÚNAÐARMÁL.

⁵³ TRÚNAÐARMÁL.

[...] ⁵⁴

9.5 Eftirspurn á hinum skilgreindu mörkuðum

9.5.1 Þróun markaðarins

FAO telur að árlegur meðalvöxtur á heimsframleiðslu fiskis sé áætlaður um 1,1% og markaðurinn nái 194 milljónum tonna árið 2026 samanborið við 176 milljónir tonna árið 2017. Marel telur að vöxtur á þessum markaði verði áfram drifinn af vaxandi fiskeldi og aukinni áherslu á sjálfvirknivæðingu í fiskframleiðslu á heimsvísu, þar sem verksmiðjur þurfa að mæta kröfum um lækkun á kostnaði og bæta fyrir minnkandi framboð á vinnuafli. Auk þess áætla Marel að breyttar áherslur í mataræði muni leiða til aukinnar eftirspurnar eftir sjávarfangi. Meðal annars með vísan til þessa telur Marel ljóst að markaðurinn muni vaxa töluvert á næstu árum.

9.5.2 Viðskiptavinavild

Vægi viðskiptavildar á umræddum markaði er að mati samrunaaðila töluvert. Þannig kaupa viðskiptavinir félaganna oft eina vél til að byrja með og ef hún reynist vel kaupa viðskiptavinir oft fleiri vélar frá sama framleiðanda. Að sama skapi ef aðilar eru ósáttir við eina vél standa líkur á því að þeir snúi viðskiptum sínum til annarra framleiðenda. Með því að kaupa vélar frá sama framleiðanda getur heildarnýting í sumum tilvikum aukist og jafnframt aukast afköst viðskiptavina í framleiðslulínu þar sem þær vinna betur saman. Hins vegar er ekkert sem kemur í veg fyrir að viðskiptavinir kaupi vélar frá mörgum framleiðendum og láti þær vinna saman, enda er slíkt oft en ekki raunin.

9.5.3 Samþjöppun eða dreifing neytenda

Kaupendur búnaðar til fiskvinnslu eru útgerðir, fiskvinnslur, og aðrir tilfallandi viðskiptavinir. Dreifing viðskiptavina er því töluverð en allir eiga það sammerkt að hafa undir höndum vinnslu á fiski, hvort sem um frumvinnslu hans er að ræða eða vinnslu á síðari stigum. Eftirspurn eftir búnaði til vinnslu á dýraafurðum stafar þannig einkum frá framleiðslufyrirtækjum en eftirspurn á hinum skilgreinda markaði er þó nátengd eftirspurninni fyrir fiski almennt, þ.e. frá neytendum.

Marel telur að helstu ástæður fyrir frekari vexti á markaði fyrir vinnslu á dýrapróteini verði aukin áhersla neytenda á matvælaöryggi og gæði, aukin eftirspurn eftir auðveldum og næringarríkum máltíðum, viðskipti neytenda á veitingastöðum muni vaxa umfram viðskipti í matvörubúðum og telur Marel að neytendur muni leggja frekari áherslu á vörumerki, sem bendir til aukinnar áherslu á gæði vöru.

9.5.4 Skipting viðskiptavina í flokka

[...] ⁵⁵

⁵⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁵ TRÚNAÐARMÁL.

[...] ⁵⁶

9.5.5 Vægi samninga um einkadreifingu

[...] ⁵⁷

9.5.6 Vægi eftirspurnar frá opinberum aðilum

[...] ⁵⁸

[...] ⁵⁹

9.6 Aðgengi nýrra keppnauta að hinum skilgreindu mörkuðum

Aðgangur að markaði og öðrum tengdum mörkuðum málsins er tiltölulega greiður, enda er hægt að benda á ýmsa aðila sem hafa haslað sér völl á markaði undanfarin ár. Má þar nefna Knuro AS, 4fish ehf. og Kaj Olesen A/S. Hins vegar er ljóst að töluverður aðgangskostnaður er að markaðinum, enda getur tekið tíma að þróa samkeppnishæfan búnað.

Þar sem markaðurinn er í sífelldri þróun er alls óljóst hverjar markaðshorfur verða til framtíðar, en líklegt er að nýir aðilar muni hasla sér völl á markaði málsins á komandi misserum í samræmi við þróun undanfarinna ára.

[...] ⁶⁰

Hvað það varðar hvort líklegt sé að erlend fyrirtæki hasli sér völl á markaðinum þá telja samrunaaðilar líklegast að svo verði. Markaðurinn sem er fyrr skilgreindur að minnsta kosti sem EES svæðið (Evrópa) en er þó líklega alþjóðlegur. Því má gera ráð fyrir að erlend fyrirtæki geti hæglega haslað sér völl á markaðinum.

Hvað varðar heildarkostnað sem fylgir því að hasla sér völl á markaðinum þá geta hefðbundin vöruþróunarverkefni kostað allt frá nokkrum milljónum íslenskra króna yfir í nokkur hundruð milljónir, sem fer allt eftir eðli vara og flækjustigi.

[...] ⁶¹

Samrunaaðilar telja að ekki séu til staðar aðgangshindranir í lögum, s.s. leyfisveitingar stjórnvalda eða slíkt.

[...] ⁶² Samkeppnisaðilar hafa á sama hátt margir hverjir sótt um og fengið einkaleyfi fyrir sínum lausnum. Þó virðist vera tiltölulega auðvelt að þróa sig framhjá einkaleyfum.

[...] ⁶³

⁵⁶ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁷ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁸ TRÚNAÐARMÁL.

⁵⁹ TRÚNAÐARMÁL.

⁶⁰ TRÚNAÐARMÁL.

⁶¹ TRÚNAÐARMÁL.

⁶² TRÚNAÐARMÁL.

⁶³ TRÚNAÐARMÁL.

Ekki er þörf á að vera í samstarfi til að geta veitt þjónustu á viðkomandi markaði, hvort sem er við hið opinbera eða einkaaðila. Þá er ekki þörf á að vera í sérstakri aðstöðu, en framleiðsla getur t.a.m. farið fram hvar sem er í heiminum.

9.7 Rannsóknir og þróun

Á alþjóðagrundvelli er vægi rannsókna og þróunar á búnaði fyrir vinnslu á fiski mikið en stefna Marel er að um [...] ⁶⁴ af veltu fari í rannsóknir og þróun á ári hverju. Markaðurinn fyrir framleiðslu og sölu á búnaði til fiskvinnslu er í sífelldri þróun og keppast aðilar víðs vegar um heiminn við að kynna nýjungar í framleiðsluferlinu. Flest fyrirtæki sem keppa á markaðnum hafa átt þátt í og kynnt nýjungar á markaðnum.

Marel telur að vöxtur á markaðinum verði m.a. drifinn af sjálfvirknivæðingu í fiskframleiðslu á heimsvísu þar sem verksmiðjur þurfa að mæta kröfum um lækkaðan kostnað og bæta fyrir minnkandi framboð á vinnuafli. Auk þess telur félagið að fiskvinnsluaðilar sem leggja áherslu á sjálfvirkni muni notast í auknum mæli við þjarkatækni (vélmenni) og gervigreind (e. *artificial intelligence*) og aðrar lausnir þar sem mannshöndin kemur ekki við sögu. [...] ⁶⁵

Samrunaaðilar telja að samruninn komi til með að efla rannsóknar- og þróunarvinnu samrunaaðila en hægt verður að samnýta mikilvæga þekkingu og þar með geta boðið viðskiptavinum upp á framsæknari og þróaðri hátæknilausnir.

Markaðsaðgangur takmarkast ekki við gildandi samninga varðandi einkakaup, einkasölu eða einkadreifingu. Marel á enga viðskiptavini og er þeim frjálst að versla við þá þjónustuaðila sem til staðar eru.

9.8 Samstarfssamningar

[...] ⁶⁶

Þá er Marel með samninga við flutningsaðila til að koma vörum til viðskiptavina. Marel hefur einnig gert samstarfssamninga við aðra aðila, sbr. kafli 4.3.

9.9 Atvinnugreinasamtök

Marel er aðili að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins á Íslandi. Þar að auki á Marel aðild að ýmsum atvinnugreinasamtökum innan ríkja víðsvegar um heim.

Valka á aðild að Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

10 ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

Samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa góð áhrif í för með sér fyrir neytendur til skemmri jafnt sem lengri tíma lítið. Áhrif samrunans munu til skemmri tíma gefa viðskiptavinum kost á að bæta heildarnýtingu, auka afköst og fá tækifæri á að kaupa þróaðri vélar. Hagræðingin og auknir möguleikar í framleiðslu á endavörum sem

⁶⁴ TRÚNAÐARMÁL.

⁶⁵ TRÚNAÐARMÁL.

⁶⁶ TRÚNAÐARMÁL.

samruninn felur í sér fyrir útgerðir mun til lengri tíma skila neytendum meiri gæðum á betra verði sem og fjölbreyttara vöruúrvali.

11 YFIRLÝSING

Því er hér með lýst yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, séu sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Forsvarsmenn félaganna hafa kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

Reykjavík, 2. júlí 2021.

Virðingarfyllst,

LOGOS lögmannsþjónusta

Helga Melkorka Óttarsdóttir, lögmaður